

Tillaga til þingsályktunar

um vetrariþróttasafn.

Flm.: Ólafur Örn Haraldsson.

Alþingi ályktar að skipuð verði nefnd sem undirbúi stofnun og rekstur safns vetrariþróttanna.

Greinargerð.

Vetrariþróttir eru ríkur þáttur í sögu og nútíð landsmanna en fjölbreytni þeirra og vöxtur hefur þó aldrei verið meiri en síðustu ár. Jafnframt þessu voru skíði, sleðar og önnur tæki hluti af samgöngu- og flutningatækjum áður fyrr. Eðlilegt er að komið verði upp safni sem hafi að geyma muni, myndir og frásagnir um vetrariþróttir á Íslandi. Skíði og skíðamennska er heppilegur upphafsþáttur í safni vetrariþróttanna og þar yrðu einnig skautar og sleðar frá fyrstu tíð ásamt eintökum sem brygðu upp mynd af þróun þessara hluta og notkun þeirra allt fram á þennan dag. Þá ættu aðrar vetrariþróttir einnig að eiga sinn sess á safninu enda þótt þær eigi sér skemmi sögu en skíði og skautar. Til þess að efla slíkt safn mætti koma þar fyrir ýmiss konar búnaði sem tengist sögulegum viðburðum, svo sem björgunarleiðöngrum, björgunarstarfi og ferðalögum.

Söfn vetrariþróttanna eru þekkt víða um lönd þó að þau séu nokkuð misjafnrar gerðar. Nærtækast er að benda á söfnin í Noregi sem geyma sögu skíða og skíðaferða en þau draga að sér mikinn fjölda ferðamanna og eru lærdómsrík fyrir þá sem nú lifa og síðar koma. Enginn vafi er á að slíkt safn hér á landi mun efla ferðaþjónustu og auka fjölbreytni og fræðslu meðal almennings.

Brýnt er að vinna að stofnun vetrariþróttasafns sem fyrst, a.m.k. þeim þáttum sem snúa að varðveislu muna og frásagna sem farið geta forgörðum á næstu árum ef ekki er að gætt. Enn er að finna meðal okkar fólk sem lagt getur fram mikilvægan fróðleik og frásagnir um þróun vetrariþróttanna á síðustu áratugum og enn má finna muni sem hafa mikið varðveislugildi.

Flest bendir til þess að verulegur áhugi verði á að stofna og efla safn um vetrariþróttir, enda eru margir aðilar sem lagt geta slíku safni lið, stofnanir, fyrirtæki, félög og almenn-ingur. Leggja þarf áherslu á víðtækt samstarf allra og sem víðast á landinu.

Nokkrir staðir koma til greina þegar hugað er að stað fyrir safn vetrariþróttanna en nærtækast er að benda á Akureyri enda er þar er nú þegar miðstöð vetrariþróttanna og fjöldi gesta er þar mikill bæði íþróttamenn og venjulegir ferðamenn. Safnið mun efla miðstöð vetrariþróttanna og auðga bæjarlífið á Akureyri.